

Nd. 621. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kaup-
tún vegna landakaupa.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. apríl.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, er sveitarfélög kaupa, þótt þau njóti ekki aðstoðar ríkissjóðs skv. lögum þessum. Sama gildir um öll lánskjöi, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 74 30. desember 1963, um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.